

## Fyrirspurn

til mennta- og barnamálaráðherra um vistun barna í lokuðu búsetuúrræði.

Frá Katrínu Sigríði J. Steingrímsdóttur.

- Hver er skoðun ráðherra á því að lögfest verði heimild til að vista börn í lokuðu búsetuúrræði, líkt og kveðið er á um í fyrirhuguðu frumvarpi til laga um lokað búsetuúrræði sem kynnt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda?
- Hefur ráðherra kynnt sér áhrifin sem það kann að hafa á börn að sæta frelsisskerðingu?
- Í hvaða tilvikum telur ráðherra vistun barns í lokuðu búsetuúrræði geta samræmst skilyrði frumvarpsins, barnalaga og samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins um að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang?
- Hver er skoðun ráðherra á því að í frumvarpinu sé lagt til að óheimilt verði að vista fylgdarlaus börn í lokuðu búsetuúrræði en ríkisstjórnin hyggist þó láta önnur börn sæta þeirri meðferð?

Skriflegt svar óskast.